

## Skýrsla stjórnar 2021

Árið fór frekar rólega af stað þar sem enn voru samkomutakmarkanir en í lok árs var 2020 var hafin vinna við að finna landsliðsþjálfara eða einhversskonar afreksstjóra og var skrifað undir samning við Mikael Schou 27. Mars og hóf hann störf sem afreksstjóri 1. Apríl 2021 fyrsti samningur við hann var til 6 mánaða og var samningurinn endurnýjaður til eins árs sl. haust.

Fyrsta verkefni hjá Mikael var að halda æfingabúðir og hæfileikamótun í Grindavík og nágrenni. Og svo fylgdu önnur verkefni hjá afrekshóp í kjölfarið. Farið var til Svíþjóðar á u6 mótið bæði með unga keppendur og keppendur í Elite flokki og náðist þar góður árangur og ber það helst að nefna að Ísak Gunnlaugsson komst þar á verðlaunapall og stelpurnar í Elite flokki voru allan tímann í hörku keppni og var gaman að sjá hversu vel þeim gekk og voru alltaf með í fremstu hópum. Svo var farið á fjallahjólámót í Noregi sem átti að vera norðurlandamót en titillinn var tekinn af vegna covid en við sendum samt keppendur á mótið sem var í Osló þetta sama mót verður norðurlandamót á þessu ári. Í byrjun september var svo farið á evrópumótið í Trentino á Ítalíu þar se mér fannst hafa náðst góður árangur miðað við það hversu krefjandi brautirnar voru og má nefna að Ingvar Ómarsson var klukkaður út rétt á undan Peter Sagan en menn eru sópaðir út um leið og það er komið um 4 mínútna bil í aðal hópinn. Stelpurnar stóðu sig líka frábærlega en Hafdís sigurðardóttir komst lengra en allar dönsku stelpurnar í keppninni en á mótið fóru 12 keppendur Mikael sem þjálfari og Ármann og Ása sem fararstjórar.

Heimsmeistaramótið var svo beint í kjölfarið á EM en þangað fóru 5 keppendur 3 konur og 2 karlar en við áttum í fyrsta skipti keppanda í U23 á heimsmeistaramóti. En í Tímatökunni var fyrri árangur toppaður og erum við komin nær þeim bestu heldur en við höfum verið. Það sást svo í kvennakeppninni að allar þrjár stelpurnar sem voru kepptu voru með lengi framan af og munaði 30 sekúndum að ein þeirra fengi að klára alla keppnina.

Ingvar Ómarsson keppti svo á nokkrum mótum erlendis og er komin vel á topp 100 á lista UCI í maraþonfjallahjólreiðum (XCM) í dag er hann í 45. Sæti listans.

Jónas Stefánsson fór einnig og keppti í 3 Enduro World series mótum í Ölpunum

Og einnig var 3 stelpum í junior og u23 boðið í desember sl. Til Aigle í Sviss þar sem þær æfðu við góðar aðstæður í viku. Allt greitt af UCI

Síðasta ár var í svolítilli óvissu fyrirfram og erfitt að ákveða eitthvað langt fram í tímann. En það gekk vel og lærðum við mikið af öllum þessum ferðalögum sem við munum taka í reynslupokann og nota í komandi ferðalög en það er stefnt á það að fara á U6 og Evrópumót. Evrópumótin eru tvískipt en junior og U23 mótið fer fram í Anadia í Portúgal en þangað hefur afreksfólki okkar verið boðið í æfingabúðir í vor auk þjálfara til að taka annan hluta af þjálfaranámskeiði UCI og einnig höfum við kost á að senda dómara á mótið.

EM fullorðinna er stórt mót í anda sumarólympíuleika þar sem keppt verður í 9 íþróttgreinum. Meðal annars frjálsum, klifri, þríþraut og öllum hjólreiðagreinum.

Elsa Gunnarsdóttir var starfsmaður HRÍ fyrri hluta árs í 25% starfi og óskaði eftir því að fá einhvern til að leysa sig af og var Björgvin Jónsson ráðinn í sumarstarf sem var svo framlengt og Elsa steig til hliðar.

Skrifstofa HRÍ var færð á árinu á betri stað í íþróttamiðstöðinni í Laugardal og deilum við nú skrifstofu með hnefaleikasambandinu og þríþrautarsambandinu. Ekki hefur verið neinn ákveðinn tími sem skrifstofan er opin en þi henni geymum við landsliðsbúninga og annan búnað sem þarf í mótahald og fleira.

Mótahald gekk vel á árinu fyrir utan að einn ræfill truflaði leiðir í tveimur mótum og varð að finna aðrar leiðir og Íslandsmótinu í XCM varð að fresta vegna þess að frost fór seint úr jörðu. Og var það haldið í seinna lagi.

Árið 2021 voru krýndir Íslands og Bikarmeistarar í 7 greinum hjólréiða.

Í haust var haldið þjálfaranámskeið á vegum UCI sem var haldið í fjarkennslu og voru skráðir hátt í 40 þátttakendur sem sátu námskeiðið

Stjórnin hefur fundað einu sinni í mánuði auk spjalla á messenger.

Í stjórninni hafa setið

Bjarni Már Svavarsson formaður  
Hjalti G Hjartarson varaformaður  
Guðfinnur Hilmarsson Gjaldkeri  
Elsa Gunnarsdóttir Ritari  
Árni F Sigurðsson meðstjórnandi

En Hjalti og Árni hafa setið í stjórn í 2 ár og þurfa því að endurnýja umboð sitt en Árni hefur ákveðið að stíga til hliðar og vil ég þakka honum fyrir samstarfið á þessum 2 árum sem við höfum setið í stjórninni saman.

Varamenn hafa verið Gunnlaugur Sigurðsson, Helgi Berg Friðþjófsson og Arnór Barkarson.

Ég þakka öllum sem hafa starfað í stjórn og nefndum fyrir samstarfið á síðasta ári og vona að flestir haldi áfram en eftir þingið hefur stjórn samband við nefndarmeðlimi og skoðar áhuga á áframhaldandi setu.

Dómurum þakka ég einnig fyrir samstarfið án þeirra væri ekki hægt að halda mót. En sl. Vor var haldið dómarnámskeið sem veitir réttindi til að dæma hér heima.